



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

GRTE1FB05

(Grunnteikning 2)

Kennari/kennarar:	Svanur Ingvarsson (SI) svanur@fsu.is
-------------------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist áframhaldandi almenna þekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin þætti: Flatarteikningu, fallmyndun og yfirborðsútflatninga og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist frekari færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda og myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina. Þjálfist í lestri og gerð vinnuteikninga, fríhendisrissteikninga, gerð flatarmynda og útflatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum.

Undanfari: GRTE1FA05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Nákvæmni og vandvirkni
- Lestri teikninga
- Gerð vinnuteikninga
- Gerð flatarmynda
- Gerða útflatninga
- Gerð fríhendisrissteikninga

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja teikniáhöld
- Velja línugerð
- Velja tákn
- Vinna fallmyndir
- Vinna útflatninga
- Vinna þrívíðar myndir
- Allt samkvæmt fyrirmælum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis

Námsefni:

Grunnteikning II (mappa með teikniverkefnum og skýringum)

T-reglustrika – 40 cm.

Teiknihorn – 45° og 60°

Sirkill

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5 mm eða 2 mm 2H og 6H (eða 4H)

Línuveiðari

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu með penna. **Skila skal teikningum í lok þriðju hverrar viku, samkvæmt áætlun. Þó er í lagi að skila í fyrsta tíma í næstu viku á eftir áætlaðan skiladag.**

Kennari kvittar í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu og gefur símatseinkunn í Innu, fyrir verkefni/teikningar annars vegar og hins vegar sérverkefni/teikningar (skilaverkefni/próf).

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 3	6.- 24. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar Flatarteikning:	Verkefni: 1-13
4 - 6	25. jan- 14. febrúar	Flatarteikning: Fallmyndun 2 og útflatningsmyndun	Verkefni: 14-19 Skil/próf 1-nr.16 Verkefni: 1 - 12

7 - 9	15. feb - 7. mars.	Miðannarmat lokaskil 20. feb. Vorfrí 23. – 24. febrúar Starfsþróunardagur í FÁ 27. feb Áfangamessa 4. mars	Verkefni: 13 – 25 Skil/próf 2 – nr.17
10 - 12	8.- 28. mars	Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars Ásmyndun og frihendisteikng	Verkefni: 26, 29, 30, 32, 35 Skil/próf 3 – nr. 32 Verkefni: 1 - 14
13 - 15	5.- 25. apríl		Verkefni: 15 - 25 Skil/próf 4 – nr. 18
16 - 18	26. apr – 16. maí	Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí Námsmatsdagur 15. maí	Verkefni: 26 – 39 Skil/próf 5 – nr. 30
19. - 20	17. - 29. maí	Námsmatsdagar 18. - 19. maí Sjúkrapróf 20. maí Prófsýning 21. maí Brautskráning fös. 29. maí	

Sérreglur áfangans:

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa skilað öllum teikningum/verkefnum möppunnar samkvæmt áætlun. Algert lágmark er 80% skil úr hverjum þriggja vikna skammti (sem gerir um 3 teikningar úr hverjum skammti). Skila skal öllum skilaverkefnum /prófum.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar.

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. [Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.](#)

Námsmat: (nákvæmni og vandvirkni vega þungt)

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	45%
Skilaverkefni	Skilaverkefni og/eða próf af og til alla önnina, sjá áætlun	45%
Virkni	Vinnusemi og samvisekusemi metin í febrúar og apríl	10%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu 7. janúar 2025

Svanur Ingvarsson

Yfirfarið 7 jan. 2026
Lárus Gestsson fagstjóri trédeild.